



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

ÁRSSKÝRSLA 2023





EFNISYFIRLIT

Ávarp skólameistara	2
Fjárhagsleg afkoma	3
Starfsfólk	3
Viðtöl við starfsfólk	4
Starfsþróun.....	6
Starfendarannsóknir.....	7
Símenntun og endurmenntun	8
Nám og kennsla	9
Nemendur	9
Mæting	10
Brotthvarf.....	10
Þróun náms ML	11
Ný aðstaða fyrir listir, tóna og tækni.....	11
Samstarfs- og samskiptaverkefni	12
Kórinn	13
Verkefni	14
Verkefnastjórar	14
Umhverfismál	14
Verkefnisstjóri Grænna skrefa	14
Verkefnisstjóri umhverfismála	14
Jafnréttismál.....	15
Heilsueflandi framhaldsskóli og forvarnir	17
Bókasafnið	18
Upplýsingatækni.....	18
Gæðamál	19
Innra og ytra mat.....	19
Kynningarmál	20
Árið 2023 í hnotskurn.....	21

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Afmælisár Menntaskólans að Laugarvatni var gjöfult og viðburðaríkt. Við afmælisfögnuð líkt og 70 ára afmæli skólans gefst tækifæri til að staldra við og rifja upp fortíðina um leið og horft er til framtíðar og rýnt í hvert skal stefna. Mikilvægt er í skólastarfi að tekið sé mið af sögunni, af fortíðinni, en að ætíð sé horft fram á við og hagsmunir núverandi nemenda hverju sinni ráði för. Hvert stefnir unga fólkíð og hvernig getum við sem best undirbúið þau fyrir þá framtíð sem bíður þeirra? Sá lærdómur situr hvað mest í undirritaðri eftir afmælishald ársins 2023 að þó virðing sé borin fyrir fortíðinni ber ætíð að huga að því að augun séu á veginum en ekki í baksýnisspeglinum.



Sérstakar þakkir kunnum við Guðna Th. Jóhannessyni, forseta íslenska lýðveldisins, fyrir að heiðra okkur með nærveru sinni á frumsýningu leikrits ML-inga og svo aftur á afmælishátíð Menntaskólans að Laugarvatni þann 12. apríl. Gildi heimsóknar Guðna öðlaðist enn meiri dýpt þegar ljóst var að um var að ræða hans seinustu misseri í embætti forseta Íslands. Eins voru margir góðir gestir á afmælisgleðinni og öllum þeim góðu gestum færum við okkar bestu þakkir.

Aðsókn í skólann er með allra besta móti og áhugaverð breyting varð á þeim hópi nemenda sem sótti um. Skólinn hefur verið í kynjahalla innan nemendahópsins sem breyting varð á haustið 2023 þegar innskráðir nýnemar voru til helminga stúlkur og piltar. Einhverjum nemendum var vísað frá sökum plássleysis og þá reyndi í fyrsta sinn í sögu ML á kynjakvóta við innskráningu þar sem mælir á um að forgang skuli hafa það kyn sem hallar á þegar um jafnvíga nemendur ræðir.

Eftirmálar Covid-19 faraldursins hafa verið margslungnir og sérstaklega hefur þurft að hlúa að félagslífi nemenda enda hafa stjórnendur skólans stutt við nemendasamfélagið með ráðum og dáð við að endurreisa hefðir og hvetja nemendur almennt til þátttöku. Hitt, sem er enn mikilvægara, hefur verið lykilatriði að endurvekja námssamfélagið sem tók ákveðnum breytingum í fjarvinnu veirufaraldursins. Vinna við mótun námssamfélags er sannarlega eilíf en við grípum tækifærið til að efla það sem vel var gert en ekki síður til að koma inn nýjum nálgunum sem vonandi styrkja enn frekar námssamfélag Menntaskólans að Laugarvatni.

Öflugur nemendahópur er studdur af öflugum hópi kennara og starfsfólks sem hefur metnað fyrir störfum sínum og sinnir þeim af elju. Það tel ég vera það sem einkennir starfið við Menntaskólann að Laugarvatni en fyrst og síðast er það tryggð og virðing nemenda fyrir skólanum sínum sem skilar góðum skólabrag. Það er því mikið gleðiefni að geta stutt við aukið listnám nemenda við skólann með framlögum frá útskrifuðum nemendum hans og er ný verkgreinastofa ML svo glæsilegt dæmi um það. Vonir standa til þess að sá stuðningur sem nemendur öðlast með tækjakosti í nýrri verkgreinaaðstöðu verði til að styrkja innihald öflugs náms Menntaskólans að Laugarvatni enn frekar. Tónlist og leiklist hafa lengi blómstrað í ML og verður ný aðstaða góður stuðningur við það ríkulega starf.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir
Laugarvatni, mars 2024

FJÁRHAGSLEG AFKOMA

Á árinu 2023 var ársvelta Menntaskólans að Laugarvatni kr. 491,7 milljónir og afkoma kr. 0,0 milljónir. Skólinn var því rekinn án halla á árinu en skólinn hefur verið rekinn í halla undanfarin ár.

Halli á rekstri skólans hefur stafað af kostnaði vegna veikinda starfsfólks. Til að mæta hallanum hefur verið gripið til aðhalds- og sparnaðaraðgerða þar sem helst ber að nefna niðurskurð á yfirvinnu kennara, niðurskurð í valáföngum og almennt aðhald í öllum rekstri.

Nánari upplýsingar um fjárhagslega stöðu skólans er hægt að nálgast í ársreikningi Menntaskólans að Laugarvatni sem gefinn er út á heimasíðu skólans á öðrum ársfjórðungi ár hvert.

STARFSFÓLK

Á skrifstofu skólans starfa, auk skólameistara, áfangastjóri í 75% starfi, skólafulltrúi/ritari í 100% starfi og náms- og starfsráðgjafi í 50% starfi. Þá sinnir verkefnastjóri UT-mála í 50% starfi stoðþjónustu við starfsmenn og nemendur. Gæðastjóri í 50% starfshlutfalli hefur umsjón með innleiðingu gæðakerfis, hönnun EKKO-kerfis og fleiri kerfislægra þátta.

Á bókasafni er forstöðumaður í 60% starfi.

Fjármálastjóri skólans er í 40% starfi og sem gjaldkeri Mötuneytis Menntaskólans að Laugarvatni í 60% starfshlutfalli.

Í mötuneyti starfa, auk bryta í 100% starfi, fjórir aðstoðarmatráðar í 100% starfi hver (á níu mánaða ráðningu). Í þvottahúsi er einn starfsmaður í 100% starfi á ársráðningu.

Umsjónarmaður fasteigna er í 100% starfi en hann gegnir einnig starfi húsbónda á heimavistum. Á heimavist starfa, auk húsbónda, húsfreyja í 50% starfi og tveir vistarverðir í 50% starfi hvor (á níu mánaða ráðningu). Fjórir starfsmenn vinna við ræstingu skólahúsnæðis og heimavista í tímamældri ákvæðisvinnu á starfstíma skóla, níu mánaða ráðningu. Einn starfsmaður starfar nú til reynslu á ársráðningu við ræstingar og hefur þá umsjón með ræstingum bygginga yfir sumartímann, til viðbótar við hefðbundin störf yfir vetrartímann.

Elfar Þór Bragason sálfræðingur starfar við skólann sem verktaki. Hann kemur í skólann tvo til fjóra daga í mánuði og hefur aðstöðu til að taka á móti nemendum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda. Skólinn rekur þjónustu sálfræðings á eigin kostnað.

Töluverður kynjahalli er í starfsliði Menntaskólans að Laugarvatni. Árið 2023 voru samtals 38 starfsmenn við stofnunina og skiptust kynin þannig að 37% voru kk en 63% kvk. Ekki voru nein sem skilgreindu sig sem annað kyn. Þegar horft er til kynjaskiptingar í kennarahópnum erum við með svipaðar tölur. Af 21 kennurum (í 14 stöðugildum) eru 33% kk en 67% kvk.

Stöðugildi kennara 14,12 vorið 2023 og 14,01 haustið 2023.

Stöðugildi starfsfólks við ML 12,55 árið 2023.

Samtals voru stöðugildi við ML um 26,5.

Stöðugildi við Mötuneyti Menntaskólans að Laugarvatni eru 5,6 á ársgrundvelli.

VIÐTÖL VIÐ STARFSFÓLK

Mannauðurinn er helsta auðlind ML. Hér fáum við að kynnst betur tveimur úr starfsliðinu, Grímu kennara og náms- og starfsráðgjafa og Leó Inga kennara.



Nafn: Gríma Guðmundsdóttir

Starf: Kennari og náms- og starfsráðgjafi

Hvað gerir þú í vinnunni: Ég sinni í raun tveimur störfum, í öðru kenni ég frönsku en í hinu sinni ég náms- og starfsráðgjöf. Þetta eru ólík störf en í báðum vinn ég með ungu fólki. Í frönskunni læra nemendur tungumálið og fræðast um menningu hins frönskumælandi heims og geta valið um að heimsækja heimsborgina París. Starf náms- og starfsráðgjafa er mjög fjölbreytt. Náms- og starfsráðgjafi tekur á móti nýnemum og forráðamönnum við upphaf skólaársins, sinnir kynningarstörfum og tekur á móti grunnskólanemendum sem hafa áhuga á að kynna sér skólann. Náms – og starfsráðgjafi, NOS, sinnir nemendum sem þurfa á stuðningi að halda, hann kemur að umsjónarkerfi skólans og heldur utan um svokallað miðannarmat. NOS er með fasta viðtalstíma fyrir nemendur og styður þá í málum sem snerta m.a. vinnubrögð í námi og námsaðferðir, sérúrræði, náms- og starfsval og persónuleg mál.

Hvaðan ertu? Ég ólst upp í Grundarfirði með útsýni yfir á eitt fallegasta fjall landsins, Kirkjufell.

Menntun: BA- í frönsku, uppeldis- og kennslufræði, og náms- og starfsráðgjöf frá HÍ. Ég lærði líka frönsku við Háskólann í Nice og í Toulouse í Frakklandi.

Fyrri störf: Starfsferillinn hófst í versluninni Grund sem afi minn rak í Grundarfirði svo lá leiðin í allt sem tengdist frönsku og Frakklandi, ég vann hjá Alliance Française (franska bókasafninu) og hjá Franska sendiráðinu í Reykjavík. Eitt ár hjá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna í París og í mörg sumur sem leiðsögumaður erlendra ferðamanna og þá helst frönskumælandi í ferðum um allt Ísland.

Af hverju vinnurðu við ML? Ég byrjaði að vinna hér til að leysa af frönskukennara og ílengdist. Flutti þó í burtu nokkrum sinnum en kom alltaf aftur, Laugarvatn, staðurinn, fólkið og skólinn togaði í mig.

Áhugamál: Börnin mín og barnabörn. Ég elska að vera úti við og njóta náttúrunnar, fuglaskoðun, ganga, hlaupa og vera á gönguskíðum. Ferðalög og að lesa góða bók.

Leyndur hæfileiki: Það er varla hægt að segja það; ég er alltof opin til þess.



Nafn: Leó Ingi Sigurðarson

Starf: Kennari

Hvað gerir þú í vinnunni?: Kenni landafræði, viðskipta- og lögfræði ásamt því að kenna lagasmíðar.

Hvaðan ertu?: Tja... Íslandi. Bý í Reykjavík en nýfluttur í Eyvindartungu við Laugarvatn til að geta komið barni í leikskóla.

Menntun: BA í heimspeki og MA í heimspekikennslu frá Háskóla Íslands.

Fyrri störf: Tæknimaður hjá Flugleiðahótelum, unnið í afgreiðslu í Spa-i, verið með fyrirtæki í garðslætti á sumrin, skógarhögg. Unnið við að vera hljóðmaður og geri enn ásamt því að spila í hljómsveit og koma fram.

Af hverju vinnurðu við ML?: Af því að ég trúi því að menntun bæti menningu landsins og svo er líka bara svo ótrúlega gaman að vinna í skólanum. Starfsfólk er skemmtilegt og vinnuandinn dásamlegur, sem er ekki sjálfgefið. Hef unnið þar sem starfsandinn er hálf andlaus og jafnvel leiðinlegur.

Áhugamál: Fólk, heimurinn, listir, saga, tónlist, lífið og jafnvel nánast allt. Hef áhuga á mörgu, langar alltaf að vita meira.

Leyndur hæfileiki: Humm... er held ég mjög góður nuddari, lærði ýmislegt af starfi mínu í Spa-i á sínum tíma 😊



Litadýrð í Laugarvatni, eftir skírni í ágúst 2023

STARFSÞRÓUN

Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára kemur fram það markmið að auka starfsþróun kennara og annars starfsfólks, efla mannleg samskipti og samvinnu. Í því augnamiði skal m.a. halda skrá um námskeið sem kennarar sækja, umbuna fyrir sí- og endurmenntun með hvata í stofnanasamningi og auka fræðslu á vegum skólans með því að halda 1-2 námskeið/erindi á önn.

Á árinu 2023 voru eftirfarandi fræðsluviðburðir fyrir allt starfsfólk í ML:

- ❖ Vinnufundur um leiðsagnarnám, Áslaug og Freyja stýra fundi, 1. febrúar 2023
- ❖ Góðan daginn faggi, Bjarni Snæbjörnsson á vegum Þjóðleikhússins, 21. febrúar 2023
- ❖ [Áfallamiðuð nálgun í skólakerfinu: Hvernig mætum við nemendum með áfallasögu?](#), á skólafundi 22. ágúst 2023
- ❖ Fræðsla um gervigreind Microsoft á verkefnadegi 4. október 2023
- ❖ Vinnustofa um gervigreind í skólastarfi, Ásrún Magnúsdóttir leiðsögumaður og þankahríðarforystukind, 9. nóvember 2023

Hápunkturinn í starfsþróun ársins var fræðslu- og menningarferð starfsfólks til Færeyja 5.-9. júní. Menntamálaráðuneytið í Færeyjum tók á móti hópnum og einnig tveir skólar; Menntaskólinn Glasir í Hoydølum og Miðnám í Vestmanna. Ferðalangarnir nutu þess að dvelja í Þórshöfn og farið var til Kirkjubour, sem er einn merkasti sögulegi staður Færeyja. Hér fylgja svipmyndir úr ferðinni.



STARFENDARANNSÓKNIR

6 starfendarannsóknarfundir voru haldnir á árinu þar sem kennarar voru með undirbúnað kynningar og umræður. Starfendarannsóknarfundir eru í skóladagatalinu, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri sér um skipulag. Mæting og þátttaka er afar góð. Hér fylgir yfirlit yfir skipulag starfendarannsóknarfunda árið 2023:

Hver kynnir	Viðfangsefni	Dagsetning
Freyja Rós Haraldsdóttir	Myndamáttur í heimspeki og leiðsagnarmat	10. janúar
Elín Una	Skapandi verkefni í goðafræðiverkefni	10. janúar
Vera Sólveig	Myndbandsverkefni í stærðfræði	14. mars
Karen Dögg	Menntafléttunámskeiðið "Greindu betur". Kyngreind gögn, gagnvirkir gagnabankar o.fl.	14. mars
Freyja Rós	Umræða um hinseginleikann í tengslum við menntafléttunámskeiðið um kynbundið ofbeldi.	14. mars
Stephanie Langridge	Samstarf við Seekirchen í Austurríki	18. apríl
-	Umræða um áherslur vetrarins, rætt m.a. um gervigreindina og leiðsagnarám	29. ágúst
Gestir frá Austurríki	Maria og Roswitha, framhaldsskólinn í Seekirchen í Austurríki, Erasmus+ verkefnið sem kemur inn á „Student mobility“ og „Job-shadowing“	26. september
Sigurður Pétursson	Frumheimildaverkefni í sögu	21. nóvember
Karen Dögg	Tónlist í kennslu	21. nóvember



Kennsluhættir eru í sífelldri þróun og gróska í kennarahópnum.

Nokkrar myndir úr lifandi, skapandi og fjölbreyttu námsumhverfi ML-inga.



SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

Bæði á vorönn og haustönn gafst kennurum kostur á að sækja um svokallað aukafjármagnsþrep, sem er útfærsla vegna bókunar 2 í síðustu kjarasamningum KÍ við ríkið. ML fær úthlutað 1.700.000 kr. á ársgrundvelli vegna bókunarinnar. Samkvæmt útfærslu í stofnanasamningi ML gátu kennarar sótt um vegna símenntunar, endurnýjunar áfanga eða nýs áfanga, rannsóknarverkefnis eða sérstakrar nýsköpunar og leiðsögn með nýjum kennara/náms- og starfsráðgjafa. Hér er yfirlit yfir það hvernig þrepunum var úthlutað, hálf t. ári í senn.


Aukafjármagnsþrep vor 2023		
Heiða Gehringer	Nýr áfangi: LIST2SS4 um strauma og stefnur í myndlist	1 þrep
María Carmen	Aðstoð við forfallakennslu	1 þrep
Freyja Rós	Rannsóknarverkefni eða nýsköpun: Þróun EKKO-kerfis	1 þrep
Vera Sólveig	Endurnýjun áfanga: Geogebra stærðfræðiforrit	1 þrep
Karen Dögg	Greindu betur, námskeið á vegum Menntafléttunnar	1 þrep
Margrét Elín	Endurnýjun áfanga: nýtt námsefni og efling þýskukennslu	1 þrep
Áslaug	Endurnýjun áfanga: nýtt námsefni og efling þýskukennslu	1 þrep

Aukafjármagnsþrep haust 2023		
Heiða Gehringer	Myndlistarklúbbur fyrir nemendur	1 þrep
Margrét Elín	Hönnun nýs valáfanga	1 þrep
Ásrún Ester	Uppfærsla og uppfræðsla í tengslum við spjallmenni og gervigreind í tengingu við kennslu	1 þrep
Elín Una	Sat námskeið í hlaðvarpsgerð og ætlar að útfæra efnið og nýta í kennslu í ML	1 þrep
Jón Forni	Nám í rafiðn	1 þrep

NÁM OG KENNSLA

NEMENDUR

Í ML eru tvær námsbrautir; félags- og hugvísindabraut og náttúruvísindabraut. 128 nemendur gengust undir námsmat vorið 2023 og 45 nemendur útskrifuðust, 23 af félags- og hugvísindabraut (F-bekkur) og 22 af náttúruvísindabraut (N-bekkur). Haustið 2023 komu þrír eldri nemar inn í 2. bekk (einn nýr og tveir endurinnritaðir) og einn endurinnritaðist í 3. bekk. Nýnemar í 1. bekk voru 55. Meðalfjöldi nemenda sem innrituðust í 1. bekk á árunum 2007-2023 er 49 nemendur.




Haustið 2023 voru samtals 71 nemandi á félags- og hugvísindabraut og 56 voru á náttúruvísindabraut. Síðustu ár hafa drengir verið innan við þriðjungur nýnema en kynjaskekkjan rétti sig af í þetta sinn þegar 27 drengir innrituðust á 1. ár og 28 stúlkur. Aðsóknin var góð bæði á félags- og hugvísindabraut og á náttúruvísindabraut, færri komust að en vildu.

Nemendur í ML haust 2023 - kyn og bekkur


Bekkur	KK	KVK	Samtals
1F	11	16	27
1N	16	12	28
2F	8	13	21
2N	1	8	9
3F	8	15	23
3N	7	12	19
Samtals:	51	76	127

Í heildina voru 127 nemendur í skólanum við upphaf haustannar 2023. Drengir voru 51 og stúlkur 76. Á myndinni hér fyrir neðan má annars vegar sjá hvernig kynjaskipting nemendahópsins hefur þróast síðustu ár og hins vegar hvernig heildarnemendafjöldinn hefur haldist á svipuðu róli. Á haustönn 2023 voru heldur færri nemendur í skólanum heldur en árið áður.



MÆTING

Á vorönn 2023 var meðalmæting 95% og meðalraunmæting var 89% (var 87% vorið 2022). Á haustönn 2023 var meðalmæting 97% og meðalraunmæting 92% (var 89% haustið 2022). Í stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára setti skólinn sér það viðmið að árið 2024 yrði raunmæting ekki lægri en 90%. Það er því óhætt að segja að skólinn sé á réttri leið hvað mætingamál varðar.



BROTTHVARF

Það telst vera brotthvarf þegar nemandi hættir námi á miðri önn. Líkt og undanfarin ár hefur brotthvarf í ML verið lítið. Á vorönn 2023 hættu tveir nemendur en enginn á haustönn.

ÞRÓUN NÁMS ML

Byrjað var að kenna eftir endurbætur á brautarskipulagi haustið 2022 og eftir veturinn 2023-2024 er innleiðingunni lokið.

Í samstarfi við UMFL og þjálfarann Florijan Jovanov gátu nemendur skráð sig í körfuboltaval haust 2023. Hópurinn keppti í 11. flokki með góðum árangri og spilaði með meistaraflokki UMFL. Nú hefur blak einnig bæst við sem valáfangi.

Haustið 2023 hófst vinna við að útfæra þrjár nýjar námslínur. Námsframboð helst að mestu óbreytt en nemendum verður gefinn kostur stýra valinu sínu á ípróttalínu, listalínu eða heilsuræktarlínu.



NÝ AÐSTAÐA FYRIR LISTIR, TÓNA OG TÆKNI

Haustönn 2023 fór í lokaframkvæmdir og frágang á nýrri verkgreinastofu sem áður gekk undir nafninu Brytaíbúð, sem er staðsett í rými aðalbyggingar ML og hýsti áður bryta mótuneytisins. Framkvæmdum lauk formlega undir lok annarinnar og er aðstaðan öll hin glæsilegasta. Kennsla hófst í myndlist í lok haustannar 2023 og stefnt er að fullri kennslu í stofunni á vorönn 2024. Þetta er í fyrsta sinn í sögu skólans sem hægt er að bjóða nemendum og kennurum upp á aðstöðu sem hentar til myndlistarkennslu annars vegar og hljóðupptöku hins vegar.



Í nýrri verkgreinastofu er góð aðstaða til myndlistarkennslu og tengdra greina. Keypt hafa verið góð borð sem henta vel til teiknivinnu og góð aðstaða er fyrir penslavinnu, málningu, rúmgóðar hirslur undir það sem fylgir starfinu og útsýnið dásamlegt. Inn af myndlistarrýminu er svo hljóðupptökurými sem fór í notkun í upphafi vorannar 2024 en alla tækjakost þar inni gáfu ML-ingar til gamla skólans síns. Júbílantasjóður gaf fé til kaupa á tölvu, hljóðnema, mixera og annarra tækja sem þarf til að gera góðar hljóðupptökur mögulegar. Verið er þá að horfa til bæði tónlistarupptakna sem og á töluðu efni eins og verkefnum nemenda, hlaðvörpum eða útvarpsefni fyrir Útvarp Benjamín.

Þriðja rýmið mun svo í framtíðinni hýsa tækjakost sem mun styðja við tæknitengdar greinar eins og forritun, verkfræðipælingar, hönnun og annað það er kann að tengjast þeim efnum.

SAMSTARFS- OG SAMSKIPTAVERKEFNI

Á heimasíðu skólans er haldið saman yfirliti yfir [samstarfs- og samskiptaverkefni](#). Meðal viðkomustaða í námsferðum á árinu voru skíðasvæði Tindastóls, Alþingi, Össur, HÍ, HR, Perlan, Bessastaðir, Berlín, París, Gullkistan-miðstöð fyrir alþjóðlegt listafólk, Kvikmyndasögusafn Íslands og Bíó Paradís, Azoreyjar, Bláfjöll, Njáluslóðir, Dale Carnegie, MH, Sólheimar, Efsti-dalur II og Þjóðarspegillinn í Háskóla Íslands.

ML-ingar taka líka á móti mörgum gestum. Lögreglufulltrúi og fangavörður komu í heimsókn í afbrotافرæðiáfangu á 3ja ári. Margir góðir gestir komu í umsjónartíma hjá 3ja ári, eins og AFS, Nord-Jyllands idræthöjskole og VR.

Menntaskólinn að Laugarvatni hefur síðastliðin þrjú ár tekið þátt í Erasmus+ verkefni sem ber heitið ShoW (Shapes of Water) með skólum frá Portúgal og Terceira, Tékklandi og Finnlandi. Síðasta ferðin í þessu verkefni var farin 1.-5. maí sl. Tveir kennarar og fjórir nemendur frá hverju landi komu þá saman á Terceira, sem er ein af Azor-eyjum og tilheyrir Portúgal. Á myndinni hér til hliðar eru nemendur og kennarar sem ferðuðust til eyjanna.



Menntaskólinn að Laugarvatni hefur formlega hlotið nafnbótina UNESCO skóli. ML fagnar einlæglega þessum áfanga og hyggst í samstarfi við UNESCO vekja athygli nemenda sinna á starfi Sameinuðu þjóðanna og ekki síst heimsmarkmiðum þeirra.

KÓRINN

Kórinn er einingabær valgrein. Skólaárið 2023-2024 voru 117 af 127 nemendum skólans í kórnum, og er því prósentuhlutfallið hátt eða 92,13%. Stjórnendur skólans styðja sérstaklega vel við kórmennunguna enda er það stór partur af félagslífi skólans að vera í og fara í kórferðalög og syngja á tónleikum. Nemendur sem spila á hljóðfæri fá að njóta sín á tónleikum og á æfingum. Hefðbundið skipulag var á kennslu kórsins sem felur í sér æfingar tvisvar sinnum í viku, kórbúðir, jóla- og vortónleikar og rúsínan í pylsuendanum, Ítalíuferð á vorönn 2023. Eftir einkar vel lukkaða utanlandsferð voru haldnir tvennir vortónleikar í Guðríðarkirkju.

Breytingar voru á inntökuskilyrðum sem voru inntökupróf að hausti og tvö einkaviðtöl yfir önnina til að vera með meira utanumhald og að nemendur séu að taka fullan þátt í kórstarfinu.

Eyrún Jónsdóttir stjórnar kór Menntaskólans, Margrét Elín Ólafsdóttir er verkefnastýra kórsins og stjórnar þær kórnum með mikilli þryði og hefur verið uppselt á alla tónleika kórsins.



VERKEFNI

VERKEFNASTJÓRAR

Í skólanum starfa margar nefndir og ráð og verkefnastjórar eru yfir ákveðnum málaflokkum. Hér á eftir koma sýnishorn af því sem kom fram í skýrslum verkefnastjóra sem skilað var í júní 2023 og sagt er frá fleiri fréttæmum viðburðum frá haustinu, sem tengjast hverjum málaflokki. Viðfangsefni verkefnastjóra eru afar fjölbreytt og ekki ætlunin að gefa hér tæmandi yfirlit, heldur að veita innsýn í þessa mikilvægu anga á skólastarfinu.

Verkefnastjóri starfar með kórnum en umfjöllun um kórin er framar í skýrslunni, undir námi og kennslu.

UMHVERFISMÁL

VERKEFNISSTJÓRI GRÆNNA SKREFA

Menntaskólinn að Laugarvatni er skuldbundinn til að framfylgja Grænum skrefum í ríkisrekstri og gerum við það með stolti. Þetta skólaár hefur verið rólegra en árin áður þar sem við höfum lokið við skrefin fimm í Grænum skrefum í ríkisrekstri og höfum við verið ötul að fylgja verkferlum og sitja fræðslufundi.

Verkefnastjóri Grænna skrefa er Hildur Hálfdanardóttir, hennar verkefni þessa stundina er meðal annars að vekja athygli nemenda og starfsfólks á mikilvægi umhverfismála. Við höfum nýtt okkur upplýsingaskjái í skólanum og út á vistum til að deila upplýsingum um umhverfismál.

Rafhleðslustöðvarnar okkar eru fjórar. Stöðvarnar eru frá Ísorku eru vel nýttar af starfsfólki og nemendum og öðru aðkomufólki og þykja þær vera hin mesta búbot við skólann.

Við höfum haldið áfram að nýta okkur tæknina til að sporna við pappírssóun. Við höfum verið með bækling fyrir söngvakeppnina Blítt og létt og dagskrána á útskriftardaginn á rafrænu formi. Nemendur og gestir geta skannað QR – kóða og fengið upplýsingar í símann.

Umhverfismálin hjá okkur eru komin í frekar fastar skorður eftir að við fengum fimmta og síðasta skrefið í Grænum skrefum í ríkisrekstri.

VERKEFNISSTJÓRI UMHVERFISMÁLA

Kamil Lewandowski er verkefnisstjóri umhverfismála og formaður umhverfisnefndar. Með honum í nefnd starfa yfir 20 nemendur sem skrá sig í nefndina. Fulltrúar í umhverfisnefnd sækja alltaf um af fúsum og frjálsum vilja og eru meðvitaðir um hvað við gerum, koma með áhugaverðar hugmyndir og aðkoma þeirra hefur áhrif á einkunnir í sumum skólagreinum.



Meðal þess sem komst til framkvæmdar á árinu var söfnun til kaupa á moltu, pottum og jurtafræjum til að gera lítinn matjurtagarð sem var til sýnis á 70 ára afmæli skólans. Þá voru lagðar fyrir kannanir, samstarf haft við mötuneytið, gerð veggspjöld og myndband. Verkefnin beinast alltaf

að öllu skólasamfélaginu, nemendum, kennurum, starfsmönnum og foreldrum sem og gestum sem heimsækja skólann.

12. maí 2023 tóku nemendur úr umhverfisnefnd ML á móti sjöunda grænfánanum frá Landvernd. Þessi verðlaun eru afrakstur vinnu umhverfisverndarnefndar ML fyrir árin 2021-2023. Nemendur unnu verkefni út frá skóla á grænni grein hjá Landvernd.



JAFNRÉTTISMÁL

Árleg [skýrsla um jafnréttisstarf í ML](#) var birt á heimasíðu skólans í júní, rituð af Freyju Rós jafnréttisfulltrúa. Fylgst er með kynjahlutföllum í stjórn nemendafélagsins og unnið með jafnréttis- og skólaráðsfulltrúum Mímis að ýmsum verkefnum. Sem dæmi má nefna fræðsluátökin Vika 6, Sjúk ást og Dansað gegn ofbeldi. Hinseginvika var haldin í október 2023 og þá hélt Sveinn Sampsted fyrirlestur um hinsegin og íþróttir fyrir allan skólann.

Áfram var unnið að því að þróa EKKO-kerfi ML. Vefsvæðið Góð samskipti á ml.is hélt áfram að taka á sig mynd. Þar eru verklagsreglur, stefnur, áætlanir, samskiptasáttmáli, tilkynningarhappur og hlekkir á úrræði/upplýsingar. Haldin er þjálfunarskrá og skrá yfir EKKO-mál. Unnið er að verklagsreglu um viðurlög vegna brota (þ.m.t. áminningar og brottvísanir). Fimm starfsmenn mættu á ráðstefnu Stígamóta 10. mars; *Kynbundið ofbeldi og ábyrgð skólans*. Þar flutti Freyja Rós erindið [EKKO-kerfi ML: Heildstæð nálgun, samstarf og forysta](#). Foreldrar fengu sendan póst með upplýsingum um ráðstefnuna, hlekkir á fyrirlestra af henni og hvatningu til að takast á við EKKO mál



með hæfni og hugrekki. Á skólafundi í september 2023 var sýnd upptaka af fyrirlestri [Karenar Nóadóttur um áfallamiðaða nálgun í skólakerfinu](#).

Vorið 2023 fékk 2F vinnustofu á vegum Kvan (í boði foreldrafélagsins FOMEL) og Elfar sálfræðingur kom tvisvar á sal fyrir allan skólann til að tala um samskipti. Haustið 2023 kom Benna Sörensen með ofbeldisvarnarskólann í lífsleikni hjá 1. bekk og haldið var málþing á degi gegn einelti í nóvember.

Kynjafræði er skyldufag fyrir nemendur á fyrsta ári á báðum námsbrautum. Karen Dögg og Freyja Rós kenndu fagið í sameiningu haustið 2024. Jafnframt eru samþættar áherslur í umsjónartímum og lífsleikni varðandi samskipti, sjálfsmynd og ýmislegt jafnréttistengt.

Gátlist Heilsuefndi framhaldsskóla fyrir jafnrétti og kynheilbrigði var fylltur út í lok ágúst 2023 og þar telst 80% viðmiða náð. Ný jafnréttisáætlun ML hefur verið samþykkt fyrir 2024-2027.

Kynjahlutföll meðal útskriftarnema og innritaðra á 1. ár í ML tóku snúning í rétta átt á síðasta ári:



HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI OG FORVARNIR

María Carmen Magnúsdóttir er verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla og forvarnarfulltrúi skólans. 2023 var áfram unnið eftir samræmdri fræðsluáætlun í lífsleikniáfangi á 1. ári og umsjónartímum. Þar er margt á dagskrá í tengslum við heilsueflingu og forvarnir.

Allir nemendur í ML eru í íþróttum allar annir, útivistarval er fyrir nemendur á 1. og 2. ári og íþróttaval á þriðja ári. Á vorönn 2023 lauk önninni á ferð í Fontana og nemendur fengu vikuaðgang í World Class sem gefur þeim frían aðgang í hvaða stöð þeirra sem er í eina viku frá því að passinn hefur verið virkjaður.

Skyndihjálparnámskeið var á dagskrá sem valáfangi fyrir 3ja árs nemendur vor 2023, 13 nemendur luku námskeiðinu sem gekk mjög vel í alla staði og endaði á heimsókn frá sjúkraflutningamanni frá HSU og kynningu á búnaði og viðbragðsbíl sem staðsettur er á Þingvöllum.



ML greiðir fyrir aðgang starfsfólks í sund og þreksalinn í Bláskógabyggð, komið hefur upp sú hugmynd að auka möguleika annarra staða til að nýta slíkan styrk t.d. með árlegri upphæð til hvers starfsmanns þar sem margir starfsmenn búa ekki á þessu svæði.

Forvarnarferð nýnema var farin 7. september 2023, í höfuðstöðvar Dale Carnegie, þar sem áhersla var lögð á samskipti og að styrkja tengsl. Stoppað var í íþróttaverslun og endað í keilu.

Fjallgönguhefðinni var viðhaldið áfram haustið 2023 og aftur var gengið á Laugarvatnsfjall.

FOMEL er foreldrafélag Menntaskólans að Laugarvatni og nýtur nemendasamfélagið við skólann góðs af þeirra ágæta starfi. Foreldrafélagið býður gjarnan upp á ýmis konar fyrirlestra og fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Mánudaginn 16. október kom á sal til okkar, í boði FOMEL, Dr. Lára G. Sigurðardóttir læknir og doktor í lýðheilsuvísindum. Markmiðið með heimsókn hennar var að fá fræðslu um tóbak og þá áhættuþætti sem neysla þess getur orsakað. Allir nemendur skólans, ásamt kennurum og nokkrum nemendum frá Bláskógaskóla á Laugarvatni hlýddu á fyrirlesturinn sem var mjög fræðandi og áhugaverður.

BÓKASAFNIÐ

Á safninu er einn starfsmaður sem fyrr, forstöðumaður sem er í 60% starfshlutfalli, Valgerður Sævarsdóttir. Það er sýn hennar að bókasafn í framhaldsskóla á að vera hlýleg vinnuástaða með góðu aðgengi að hvers kyns upplýsingum – og með þjónustu upplýsingafræðings. Því er upplýsingaver mun réttara nafn en bókasafn. Notkun á safnkosti og annars konar upplýsingum sem hægt er að nálgast á safninu hefur breyst gífurlega á síðustu árum. Mikið meira er um notkun á safnefni inni á safni, mikið meira er um aðstoð við heimildarleitir sem og heimildamat/upplýsingalæsis og kennslu á rafrænum gögnum.

Forstöðumaður bókasafnsins sótti námskeið, og þau þó nokkur varðandi nýtt bókasafnskerfi (Alma) sem tekið var upp á landsvísu vorið 2022. Þótti það torvelt í notkun á fyrstu skrefum en sótti í sig veðrið og þykir það nú hið ágætasta. Þó ber að geta þess að nýja bókasafnskerfið er enn í þróun og enn eitthvað í land að það geti þjónað með fullum afköstum.

Samkvæmt tölfræðigögnum voru útlán á haustönn 411 og á vorönn 616. Í heild eru því útlán, þ.e.a.s. það sem fer til notkunar út af safni 1027 á skólaárinu 2022-2023. En þess má geta að inni þessari tölu eru öll útlán; innan ML, til leik- og grunnskóla og nemenda þar og til almennings.

Mikil og jöfn grisjun er óhjákvæmileg í ljósi þess að safnið hefur úr litlu geymsluplássi að spila og sífellt bætist í safnkost. En framhaldsskólasafn á og þarf að vera búið lifandi safnkosti, s.s. ekki vera geymslusafn sem slíkt heldur vera í sífelldri endurnýjun.

Forstöðumaður var í hópi á vegum SBU (samstarfshópur bókasafns-og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum) sem hafði það hlutverk að undirbúa og sækja um styrk úr bókasafnssjóði til að skoða framtíðarstefnu bókasafna í framhaldsskólum. Hópurinn sendi inn umsókn í sjóðinn um miðjan mars þar sem verkefnið Upplýsingatorg var hugmyndin. Upplýsingatorg á að verða verkfærakista og gagnabanki fyrir starfsfólk framhaldsskólasafna og nýtast við kynningar, safnkennslu og kennslu í upplýsingalæsi. Því miður fékkst styrkurinn ekki að þessu sinni en áfram er unnið að framgangi verkefnisins. Við þetta má bæta að meðlimir hópsins (SBU) komu í vorferð sína hingað á Laugarvatn. Héldu fyrst vörfund í Stofu íslenskra fræða og síðan í göngu um staðinn áður en farið var í kvöldverð.

UPPLÝSINGATÆKNI

Verkefnisstjóri upplýsingatækni, Elín Jóna Traustadóttir, er í 50% starfshlutfalli við skólann. Það felur meðal annars í sér viðhald og þróun heimasíðu, tölvukerfis, tæknibúnaðar og hugbúnaðar. Einnig að miðla þekkingu og aðstoða starfsfólk og nemendur eftir þörfum. Elín Jóna fór á Bett sýninguna í London 2023 og þar var margt að sjá og skoða sem nýttist í vinnu verkefnastjóra.

Innri vefur hefur verið þróaður. Mynda- og margmiðlunarsameign voru flutt yfir í Sharepoint. Útgefin gæðaskjöl uppfærast nú sjálfkrafa á heimasíðunni. Símkkerfi skólans var flutt yfir í Teams. Fest voru kaup á aðgangsstýrikerfi fyrir útihurðir í skóla og á vistum. Innleiðing á því gekk mjög vel og eru nú allir nemendur með stýrðan aðgang að útihurðum heimavista. Ný starfsmannaskírteini voru gefin út sem virka sem lykill (einnig rafrænt í sínum) og nýtast jafnframt við skráningu í matsal og sem afsláttarkort starfsmannafélags vegna verslana og þjónustu sem samið var við. Elín Jóna starfar enn í stýrihóp/samráðshóp Menntaskýsins og hefur farið nokkur tími utan starfa ML í að knýja áfram verkefni þar, sem þörf er á að vinna.

GÆÐAMÁL

Á reglulegum verkefnastjórnarfundum sitja gæðastjóri, skólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri upplýsingatækni, forstöðumaður bókasafns, skólafulltrúi/ritari, fjármálastjóri og náms- og starfsráðgjafi. Á árinu 2023 fundaði verkefnastjórn 19 sinnum. Þar er margt sett á dagskrá og var sem dæmi fjallað um rafræna húsaleigusamninga, herbergjaskipan á vistir í gegnum Innu og skólaskýrsluna. Rætt um öryggistrúnaðarbresti, skráningar og framhald mála vegna mögulegra bresta. Innra mat, kannanir og umbótaáætlanir eru gjarnan teknar fyrir í þessum hópi (en einnig á sjálfsmatsnefndarfundum).

Handbók ML var uppfærð. Nýjar skólasóknarreglur tóku gildi á árinu. Verklagsregla fyrir dagatöl og fundi var yfirfarin. Nefndaskipan var sett upp í „lista“ á innri vef og uppfært á heimasíðunni, jafnlaunakerfinu viðhaldið og lokið við yfirferð á áætlun fyrir *Viðbrögð við vá*. Stefna og verklag varðandi *Viðurlög vegna brota á skólareglum* eru langt komin.

Kynningarmálin voru heilmikið til umfjöllunar, þróun valáfanga (þar á meðal nýja körfuboltavalið) og nýjar námslínur. Unnið var að gátlista fyrir móttöku nýrra nema á miðjum vetri. Listinn var settur upp í Loop workspace sem er efnilegt tól til að halda utan um verkefni, áætlanir og gátlista. Gátlistar hafa líka verið að skerpast fyrir fleiri atriði eins og skólabyrjun og útskrift.

INNRA OG YTRA MAT

Freyja Rós Haraldsdóttir, gæðastjóri, er formaður sjálfsmatsnefndar og annast innra mat skólans. Nefndin fundar um fjórum sinnum á vetri, uppfærir áætlun til þriggja ára, undirbýr kannanir, vinnur úr niðurstöðum og setur fram umbótaáætlun. Á heimasíðu skólans má finna [skýrslu um sjálfsmat 2022-2023](#) og aftast í því skjali er umbótaáætlun.

Áfangamat var lagt fyrir bæði vor og haust, árleg könnun meðal útskrifaðra nemenda var lögð fyrir í maí, starfsfólk svaraði könnuninni Stofnun ársins í október og nemendur svöruðu framhaldsskólalápinum. Umbótaþættir eftir skólaárið 2022-2023 spruttu úr þjónustukönnun og Stofnun ársins. Markmið með umbótum voru:

- Bætt vinnuskilyrði, svo sem loftgæði, gardínur og lýsing.
- Bætt upplifun nemenda af mötuneytinu með aukinni umræðu og stefnumótun.

Það er ánægjulegt að skoða niðurstöður úr könnunum meðal útskrifaðra nemenda, þar sem mikill meirihluti svarenda segist „Mjög ánægð(ur)“ með dvölinu í ML, á heildina litið og svör gefa jafnframt til kynna að þau hafi verið vel undirbúin fyrir nám að loknu stúdentsprófi. Niðurstöður í áfangamati hafa verið upp á við í síðustu könnunum og í stofnun ársins má sjá afar jákvæða þætti varðandi margt, eins og jafnrétti kynjanna, samskipti við samstarfsfólk, sjálfstæði í starfi, stjórnun og ímynd stofnunarinnar.

Ytra mat fór síðast fram á vorönn 2018. Í janúar 2023 var send fyrirspurn frá ML á Mennta- og barnamálaráðuneytið til að kanna hvort ytra mat væri á áætlun fyrir haustið 2023. Í svarinu sagði: „ytra mat fer alla jafna fram á fimm ára fresti og samkvæmt því ætti ML að vera á áætlun í haust, 2023“. Til þess kom þó ekki.

KYNNINGARMÁL

Áherslubreyting varð í kynningarmálum frá og með vorinu 2023 þegar verkefnastjórn kynningarmála var lögð niður. Skipulag kynningarmála var svo tekið til umfjöllunar í verkefnastjórn ML á haustönn 2024 og málin unnin þar í samstarfi þeirra sem starfa í verkefnastjórninni. Unnið var að endurskipulagningu kynningarmála fyrir ML í teymi verkefnastjórnar og drög lögð að skipulagi og framtíðarsýn á fyrirkomulag kynningarmálanna í heild sinni. Sú vegferð hófst haustið 2023 og gott væri að halda áfram samráði og samtali um málin haustið 2024.

Kynningardagurinn var áfram á sínum stað í nóvember og var fráfarandi verkefnastjóri kynningarmála, Gríma Guðmundsdóttir, fengin til að stýra honum enda reynsla hennar og þekking gríðarleg. Boð á kynningardaginn fá nemendur í 10. bekk á Suðurlandi. Þau fá kynningu á skólanum sjálfum og lýkur heimsókninni á söngkeppninni Blítt og létt sem er undankeppni skólans fyrir söngkeppni framhaldsskólanna. Eitthvað var, sem fyrr, um að nemendur fengju að koma í einstaklingsheimsóknir til að skoða skólann og skiptu starfs- og námsráðgjafi og skólameistari móttöku þeirra gesta á milli sín. Fulltrúi frá skólanum fór með kynningu í Vallaskóla og Sunnulækjarskóla á Selfossi.

Þær nýjungar sem keyrðar voru af stað í kynningarmálum fólust aðallega í meiri sýnileika á samfélagsmiðlum með áherslu á Instagram. Vorið 2023 fékkst birting á auglýsingu frá skólanum á LED skiltum staðsettum við bæjarmörk Hveragerðis annars vegar og Selfoss hins vegar. Á haustdögum var starfsmaður skólans, Egill Snær Sveinsson, fenginn til að gera stutt kynningarmyndband eða stiklu um skólann sem síðan var nýtt til auglýsinga á samfélagsmiðlum. Auglýsingarnar voru tímasettar þannig að þær séu í gangi um það leyti sem nemendur 10. bekkja eru að velta fyrir sér vali á framhaldsskóla. Önnur nýjung var opið hús á vorönn 2024 sem tókst vel upp en þá fengu allir boð um að sækja skólann heim og fá kynningu á skólanum sjálfum og heimavistinni.

Undir lok haustannar sendi skólameistari auglýsingu á skólanum til allra skólastjórnenda grunnskóla á Suðurlandi þar sem skólastjórnendur voru beðnir um að koma auglýsingunni til allra nemenda í 10. bekk og forráðamanna þeirra. Viðbrögðin við auglýsingunni voru góð og henni fylgt eftir með skilaboðum til sama hóps með boði á opið hús sem haldið var í mars 2024.



ÁRIÐ 2023 Í HNOTSKURN

JANÚAR

23. janúar

Skíðaferð á skíðasvæði Tindastóls

FEBRÚAR

6. febrúar

Ný stjórn nemendafélagsins kjörin.
Stallari Agnes Fríða Þórðardóttir

10. febrúar

Dansað gegn ofbeldi

21. febrúar

Góðan daginn faggi – leiksýning í íþróttahúsinu

MARS

2. mars

Frumssýning
leikrítisins
Sódóma
Reykjavík

15.-17. mars

Dagamunur og Dollinn

17. mars

Árshátíð ML, Stuðlabandið lék fyrir dansi

23.-27. mars

Berlín og París – námsferðir

APRÍL

12. apríl

70 ára afmæli skólans – hátíðardagskrá

19.-24. apríl

Ítalíuferð kórsins

29.-5. maí

Ferð til Azoreyja – Lokaferð í
Erasmusverkefninu Shapes of water-
SHOW.

MAÍ

5. maí

Dimissio

12. maí

Opið hús – kynningar lokaverkefna



Grænfáninn afhentur

27. maí

Útskrift og skólaslit

JÚNÍ

5.-9. júní

Færeyjarferð starfsfólks

ÁGÚST

21. ágúst

Nýnemadagur, 55 nýnemar mæta á Laugarvatn

23. ágúst

Skólasetning

SEPTEMBER

13. september

Fjallganga ML



OKTÓBER

26. október

Kynningardagur og söngvakeppnin Blítt og létt

NÓVEMBER

7. nóvember

Slúður er klúður –
málþing á degi gegn
einelti

25. nóvember

ML Unesco-skóli

 **70 ára afmæli** 
Menntaskólans að Laugarvatni
12. apríl 2023

13:00 - Hátíðardagskrá hefst í íþróttahúsi

- Skólameistari setur afmælishátíðina
- Forseti Íslands ávarpar samkomuna
- ML kórinn syngur tvö lög
- Mælendaskrá:
 - Gunnar Þorgeirsson
 - Gunnar Júlíusson
 - Halldór Páll Halldórsson
- Skólameistari lokar athöfninni
- Skólasöngur

14:00/14:30 - Opið hús í ML

Auglýsing fyrir 70 ára afmæli skólans.

Pési breiðnefur á Dimissio.



Halldór Páll var kvaddur á útskrift 2023 eftir rúm 20 ár sem skólameistari ML.